

Vinnuhópur um leikskólamál

Fundargerð 11. fundar haldinn mánudaginn 4. október 2021 kl. 13:45 í Suðursal

Mættir:

Gunnar E. Sigurbjörnsson, formaður vinnhópsins og fulltrúi fræðslunefndar
Brynhildur Jónsdóttir, fulltrúi fræðslunefndar
Jóhanna Þórhallsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra
Kristrún Hafliðadóttir, fulltrúi leikskólastjóra,
Árný Ilse Árnadóttir, fulltrúi leikskólakennara
Harpa Kristín Hlöðversdóttir, fulltrúi leikskólakennara
Margrét Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra

Anna Söderström, fulltrúi foreldra, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps, Þorsteinn Hjartarson, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps, boðuðu forföll.

1. Jóhanna fann foreldri sem er til í að vera með stutt erindi. Ástrós Rut Sigurðardóttir. Henni verður boðið að hitta vinnuhópinn eftir 2 vikur.
2. Gunnar hafði samband við Hótelið og búið er að bóka báða salina og skipuleggja matartímamann. Einnig hafði hann samband við Valdimar Hafsteinsson formann Atorku og munu þeir vera með stutt erindi.
3. Kynningarmál. Setja auglýsingu í Dagskránnu 13. október og 27. október. Setja líka inn á íbúagrúppurnar á Facebook þrisvar sinnum. Í kringum birtingu í dagskránni og loks daginn fyrir.
4. Búa þarf til erindi til Fræðslunefndar varðandi að vinnuhópurinn fái áframhaldandi starfsumboð. Mælt er með að það verði til 1. febrúar 2022. Brynhildur tekur að sér að koma því á framfæri.
5. Kristrún og Jóhanna kalla eftir því á fundi leikskólastjóra á morgun að leikskólastjórar skrái á málþingið og finni áhugasama umræðustjóra og ritara.
6. Næstu fundir:
 - I. 11. Október – Breytingar á reglum um leikskóla. Búa til auglýsingu og festa dagskrá. Búið að funda með UT varðandi tæknimál á þinginu og staðfesta aðkomu Auðlindarinnar að streymi.
 - II. 18. Október – Hitta fulltrúa foreldra og búa til spurningar fyrir umræðuhópa. Ákveða hverjir verða umræðustjórar og ritara í hverjum hóp.
 - III. 25. Október - Lokafrágangur

Fundi slitið 14:45